



## Fundargerð foreldraráðs leikskólans Glaðheimar 2021-2022

### 8. fundur, 16. mars 2022

**Fundinn sátu:** Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir, Inga Rós Georgsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Ragnheiður I Ragnarsdóttir.

Fundargerð ritar Ragnheiður I Ragnarsdóttir

#### Dagskrá:

##### 1. Sumarleyfi leikskólans

Fræðslumála- og æskulýðsráð Bolungarvíkur lagði fram til umfjöllunar í foreldraráði beiðni sem þeim barst um breytingu á sumarleyfisrúllu leikskólans. Beiðnin er um að júní frí verði lagt af og tvær rúllur í stað þriggja verði í leikskólanum, júlí og júlí-ágúst. Foreldraráð gerir ekki athugasemd við þessa beiðni og samþykkir breytinguna.

##### 2. Tillaga að breyttum opnunartíma leikskólans

Leikskólastjóri leggur fram tillögu um breytingu á opnunartíma leikskólans. Leikskólinn Glaðheimar er núna opinn frá kl. 7:30-16:30 en mjög lítil nýting er á tímanum 7:30-7:45 og 16:15-16:30. Lagt er til að opnunartíminn verði því 7:45-16:15 frá og með 1. ágúst 2022. Foreldraráð samþykkir breytingatillöguna.

##### 3. Vinnustytting kennara

Leikskólastjóri leggur fram ósk um að vinnustytting kennara verði safnað saman í frídaga og verði 3 dagar milli jóla og nýjárs og 3 dagar í dymbilviku og leikskólinn lokaður þessa daga. Mjög erfitt er að koma vinnustyttingu fyrir í starfinu þar sem leikskólinn er núna opinn í 9 klst. á dag en verður væntanlega 8,5 klst. á dag næsta haust en vinnutími kennara er 7 klst. og 47 mínútur á dag. Vinnustytting hefur ekki náð til nemenda eins og óskir stóðu til og hafa dvalarstundir nemenda í leikskóla ekki minnkað í takt við vinnustyttingu fullorðinna. Foreldraráð vill leggja óskina fram til frekari umræðu samhliða skóladagatali leikskólans fyrir næsta skólaár.

##### 4. Skóladagatal 2022-2023.

Skóladagatal lagt fram til kynningar. Foreldraráð skoðar skóladagatalið og leggur til að það verði lagt fram til umfjöllunar í fræðslumála- og æskulýðsráði þar sem það verði samræmt skóladagatali grunnskólans. Einnig að hugmyndir um vinnustyttingu, jólafrí og páskafrí verði skoðaðar vel með tilliti til skóladagatala næstu ára.

Foreldraráð hvetur Fræðslumála- og æskulýðsráð til þess að tryggja að starfsdagar og fundir leik- og grunnskóla séu samræmd eins og kostur er í skóladagatölum þeirra áður en ráðið samþykkir þau.